

2. Í árlegri sannpröfun skal fara yfir allar skráningar á innra eftirliti eldisstöðvarinnar í heild sinni og hafa til viðmiðunar eftirtalin atriði:
 - a. Hvort fyrirbyggjandi ráðstöfunum hafi verið framfylgt:
 - I. Viðhaldi á eldisstöðinni.
 - II. Þjálfun starfsmanna.
 - III. Verklagsreglum.
 - b. Hvort eftirlit og úrbætur hafi verið framkvæmdar eins og gert er ráð fyrir í innra eftirliti eldisstöðvar.
 - c. Hvort ástæða sé til að breyta þeim viðmiðunum sem notaðar eru.
 - d. Hvort fullnægjandi úrbætur hafi verið gerðar þegar farið er yfir athugasemdir sem gerðar hafa verið af eftirlitsmanni veiðimálastjóra.
3. Í árlegri sannpröfun skal framkvæmd ítarleg úttekt á öllum búnaði eldisstöðvarinnar. Við eftirlit með köfun eða neðansjávarmyndatöku skal m.a. haft til hliðsjónar:
 - a. Hvort festingar séu í lagi.
 - b. Hvort floteining sé heil.
 - c. Sannpröfun viðhaldsáætlunar eldisstöðvar.
4. Niðurstöður sannpröfunarinnar skulu skráðar og undirskrifaðar af forsvarsmanni eldisstöðvarinnar og gerð skal tímasett úrbótaáætlun fyrir þau atriði sem var ábótavant.

REGLUGERÐ

um viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup.

1. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir vegna skyldu til útboðs á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt 1. mgr. 56. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir:

Opinberir aðilar að frátöldum sveitarfélögum, stofnunum þeirra, öðrum opinberum aðilum á þeirra vegum eða samtökum sem þessir aðilar kunna að hafa með sér:

Vörukaup	13.422.320 kr.
Þjónusta	20.649.757 kr.
Verkframkvæmdir	516.243.832 kr.

Sveitarfélög, stofnanir þeirra, aðrir opinberir aðilar á þeirra vegum og samtök sem þessir aðilar kunna að hafa með sér:

Vörukaup	20.649.757 kr.
Þjónusta	20.649.757 kr.
Verkframkvæmdir	516.243.832 kr.

Viðmiðunarfjárhæð vegna kynningarauglýsingar á Evrópska efnahagssvæðinu vegna áætlaðra kaupa á einu ári er 77.436.589 kr.

2. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir skv. 1. gr. reglugerðar þessarar gilda einnig um útboðsskyldu vegna innkaupa samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup sem Ísland er aðili að.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 8. gr. og 56. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup, með síðari breytingum, og tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 513/2001 um viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup.

Fjármálaráðuneytinu, 23. desember 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Stefán Jón Friðriksson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlauna- og styrkjasjóð á sviði læknisfræði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Verðlaunasjóður í læknisfræði“.
Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru lækarnir:
Árni Kristinsson, kt. 180235-7369, Kaplaskjólsvégi 52 í Reykjavík og Þórður Harðarson, kt. 140340-4649, Hellulandi 10 í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun og/eða styrki til rannsókna og framþróunar í læknisfræði á Íslandi.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hverju sinni þrjú einstaklingar. Við skipti á stjórnarmönnum skulu sitjandi stjórnarmenn ákveða nýjan aðila í stjórn. Formaður stjórnar skal kjörinn af stjórn sjóðsins.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 700.000 og má ekki skerða það.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður af stofnfé og frjáls framlög, hverju nafni sem nefnast.